

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	21.8.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Strandasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Skeiði 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470786-1329	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Indriðason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	377099,262 581129,16

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirlitinu. Ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Fundur
  - Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, skráningar og mælingar
  - Umhverfissvöktun 2016
  - Timburmagn á urðunarstaðnum
  - Fokvarmir
  - Annað
- Skoðun á urðunarstaðnum og samantekt

Urðunarstaðurinn er í afskekktri byggð og hefur undanþágu frá botnþéttingu og jarðfræðilegum tálma. Undanþága er frá söfnun sigvatns og frá söfnun hauggass. Einnig er undanþága frá kröfum um starfsleyfistryggingu.

Starfsleyfið heimilar móttöku og urðun allra efna í flokkum 01, 02, 17, 19 og 20 í reglugerð nr. 184/2002 sem ekki eru stjórnumerkt (þ.e. ekki spilliefni). Eins má taka á móti og urða sambærilegan úrgang af öðrum uppruna og óvirkan úrgang.

Sérstaklega er getið um að ekki megi urða úrgang sem inniheldur gifs, fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn, ökutæki og spilliefni. Eins er móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna bönnuð. Bannað er að brenna úrgang.

Innan girðingar fer líka fram móttaka og flokkun brotamálms og bílhraja sem er sett á gáma og Fura ehf. málmendurvinnsla sér um að tæma.

Eins hefur safnast upp timbur sem fyrirhugað er að kurla vorið 2018. Sótt verður um leyfi til heilbrigðisnefndar Vestfjarða til að nota timbrið í manir til fokvarna. Deiliskipulag urðunarstaðarins gerir ráð fyrir landmótun og gerð mana austan og vestan við urðunarstaðinn til fokvarna og eins og segir í deiliskipulagi „að milda ásynd frá þjóðvegi og frá afleggjaranum að Þverárvirkjun“.

Byrjuðum eftirlitið á fundi, Einar Indriðason og undirritaður og sest var yfir skoðun gagna á skrifstofu Sorpsamlags Strandasýslu á Hólmavík. Magn og gerð úrgangs er sambærilegt á milli ára og er um 353 tonn/ári. Þrjár áætlanir skulu vera til staðar, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og mæliáætlun. Allar þrjár voru skoðaðar. Í neyðaráætlun hefur verið samið við Norðurá bs. um að taka við úrgangi af svæði Sorpsamlags Strandasýslu í neyðartilvikum (neyðaráætlun). Áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn var unnið af verkfræðistofunni EFLU árið 2010 og liggur fyrir en talin er hverfandi líkur á að bráðamengun á urðunarstaðnum geti leitt til mengunar í sjó eða strönd. Mæliáætlun er skrifuð inn í starfsleyfið og hefur UMÍS ehf. séð um mælingar og túlkun þeirra. Nýr sýnatökustaður (ofan urðunarstaðarins) bættist við á síðasta ári. Skráningarskýrsla sbr. liður 5.4 í starfsleyfi barst með upplýsingum sem krafist er.

Starfssemin er í góðum farvegi, og vöktunarskýrsla sem barst í september sl. bendir til að áhrif urðunarstaðsins séu lítil á nánasta umhverfi sitt. Í Húsadalsá sem rennur skammt undan mælist lítil breyting á efnasamsetningu vatnssýna milli sýna sem tekin voru úr ánni ofan og neðan neðan við urðunarstaðinn. Öll gildi sem mæld eru eru innan losunarmarka í starfsleyfi.

Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist. Fylgt er verklagsreglum um móttöku úrgangs gagnvart vindi. Verktakar sjá um vorhreinsun á fokefnum.

Rætt var um aðrar kröfur starfsleyfisins s.s. umhverfismarkmið, og þjálfun starfsmanna og verktaka.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuaðstöðuna með Einari Indriðasyni stöðvarstjóra. Skoðaður var nýr sýnatökubrunnur ofan urðunarstaðarins og urðunarrein sem er í notkun. Nú er verið að urða úrgang ofan á dremskurðinn sem grafinn var til þess að lækka grunnvatnsstöðu á urðunarstaðnum. Staðurinn liggur lágt svo nokkurt skjól myndast af umhverfinu. Skoðaðir voru timburhaugar sem á að kurla næsta vor, eins brotamálmshaugur en bílhræ eru notuð eru til að fergja flutningsgáma sem farið er með er suður í Furu í Hafnarfirði.

Snyrtilegt var um að litast og girðingar og hlið í lagi.

#### **ATHUGASEMDIR**

Trjá- og timburúrgangur umfram þau 500 tonn sem leyfð eru hafa safnast upp við urðunarstaðinn. Ganga þarf frá samningum við verktaka um kurlun svo hægt sé að fara í landmótun sem deiliskipulag staðarins gerir ráð fyrir.

Sækja þarf um leyfi til að nota timburúrgang í landmótun til heilbrigðisnefndar svæðisins.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.10.2017

Gottskálk Friðgeirsson